

36. Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum, haldinn að Holti í Öfundarfirði, þann 19. Júní 2017, klukkan 12.30.

Dagskrá:

1. Farið yfir reikninga síðasta árs og þeir samþykktir af stjórn
2. Ákveða árgjald félagsins til að leggja fyrir aðalfund
3. Félagatal – fara yfir
4. Undirbúa kosingar á aðalfundi
5. Skýrsla stjórnar
6. Aðalfundur LSE í Reykjanesi 13. og 14. október í haust
7. Önnur mál

Sighvatur, formaðurinn félagsins, setti fundinn. Einnig var samþykkt að Naomi Bos myndi skrifa fundargerðina.

1. Farið yfir reikninga síðasta árs og þeir samþykktir af stjórn.

Farið var yfir reikninga síðasta árs, og sagði Jóhann, gjaldkeri, frá helstu punktunum. Reikningurinn var svo samþykktur og undirritaður af stjórn félagsins.

2. Ákveða árgjalds félagsins til að leggja fyrir aðalfund.

Þar sem árgjöld LSE hafa hækkað, ákvað stjórnin að hækka félagsgjöld upp í 5000 kr/jörð auk 2000kr/félagsmann og að leggja þetta fyrir aðalfund.

3. Félagatal – fara yfir.

Það var farið yfir félagatal. Félagar samkv. Félagatali voru 87 þann 31. desember 2016. Þrír félagsmönnum létust í árinu. Þrír nýja félagsmenn gengu í félagið.

4. Undirbúa kosingar á aðalfundi.

Staðan er sú að það þarf að kjósa í átta stöður:

Kosnir 2014 – Jóhann Björn, varamaður Oddný → Þarf að kjósa í stað þeirra.

Kosnir 2015 – Naomi Bos, varamaður Halla → þarf ekki að kjósa.

Kosnir 2016 – Sighvatur, varamaður ? → Gleymdist að kjósa. Þurfum því núna að kjósa varamann til tveggja ára. Kjósa þarf árlega skoðunar og varaskoðunarmenn. Eins og er, eru Viðar Már og Magnús aðalmenn, en Svanhildur og Svavar Gestsson eru varamenn.

Þó það sé ekki í lögum félagsins hefur aðalfundur oft kosið aðila fyrir tilnefningu í stjórn LSE á næsta aðalfundi, sem og varamann.

5. Skýrsla stjórnar.

Sighvatur formaður lagði fyrir skýrslu stjórnar, og var hún samþykkt af stjórn.

6. Aðalfundur LSE í Reykjanesi 13. og 14. október í haust

Aðalfundur LSE verður haldinn í Reykjanesi þann 13. og 14. október í haust, og er búið að taka frá hótelið þessa daga. Annars þarf að vera í samband við LSE varðandi undirbúninginn. Meðal annars þarf að ákveða umræðuefni fyrir málþing sem verður haldið áður en aðalfundurinn formlegt byrjar. Það væri kannski áhugaverð að hafa „Skógrækt á Vestfjörðum“ sem umræðuefni.

7. Önnur mál

Hrönn Guðmundsdóttir lagði fyrir að það væri gaman að vera með merki, þar sem Félag Skógarbænda á Vestfjörðum er einasta skógarbænda félagið sem er ekki með merki. Stjórninni fannst það góð ábending, og var ákveðin að tala um þetta á aðalfundinum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 13.30

Á fundinn mættu:

Sighvatur Jón Þórarinsson, Höfða, formaður
Jóhann Björn Arngrímsson, Hólmavík, gjaldkeri
Naomi Bos, Felli, ritari
Hrönn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri LSE